



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Svandís Svavarsdóttir
Matvælaráðherra

Reykjavík, 21. júlí 2022

Umsögn um breytingu á reglugerð nr. 163/1973, um hvalveiðar

[Tvö](#) nýleg [dæmi](#) sýna að erfitt er að veiða stórhveli þannig að dýri líði ekki miklar dauðahvalir. Slíkar drápsaðferðir eru óviðunandi og ætti að banna.

Þá skal bent á að nýlegar fréttir af dauðastríði hvala byggja á myndum sem eru teknar við Hvalstöðina í Hvalfirði. Hvað fer fram úti á sjó eru engar heimildir um. Því er nauðsynlegt að eftirlit sé um borð í hvalbátunum og að myndefni sé því til sönnunar að dýri líði ekki vítishvalir.

Hættan á mistökum eykst þegar hvalveiðar fara fram annað hvert ár að meðaltali, líkt og verið hefur frá árinu 2009. Ekkert var veitt árin 2011, 2012, 2016, 2017, 2019, 2020 og 2021. Gefur augaleið að áhafnir Hvals 8 og Hvals 9 eru ekki í góðri þjálfun og meiri hætta á að eitthvað fari úrskeiðis.

Við bætist að hvalveiðar eru með öllu ónauðsynlegar. Kristján Loftsson hefur sjálfur lýst erfiðleikum sínum við að koma vörunni á markað í Japan. Sjá [hér](#) og [hér](#). Markaðurinn í Japan er því sem næst dauður. Um er að ræða einkaflipp auðkýfings sem ekki veit aura sinna tal.

Í skoðanakönnun sem Maskína gerði fyrir Náttúruverndarsamtök Íslands og IFAW í maí sl. sýndi að [64,3% aðspurðra](#) telja að hvalveiðar hafi slæm áhrif á orðspor Íslands en [6,1% telja að áhrifin verði góð](#). 29,6% tóku ekki afstöðu.

Hvorki Samskip né Eimskip vilja flytja hvalkjöt fyrir Kristján Loftsson. Fyrirtækin telja ekki gott fyrir afspurn sína að þau taki þátt í hvalveiðum Kristjáns Loftssonar. Hafnirnar í Hamborg og Rotterdam hafa fyrir nærri áratug bannað umskipun á hvalkjöti.

Síðustu árin hefur Kristján Loftsson flut hvalkjötið um Norðausturleiðina í fylgd rússneskra ísbrjóta. Væntanlega er sú leið lokuð núna.


Að neðan má sjá línurit sem sýna þróun markaðar fyrir hvalkjöt í Japan. Ekki hljómar sennilega að Eyjólfur sé að hressast. Sjá til dæmis grein sem birtist í [the Guardian](#) 26. desember á síðasta ári. Þessi staða hefur legið fyrir lengi. Sjá hér að neðan grein Morgunblaðsins frá 24. október 2006.

Hvalveiðar ganga þvert gegn yfirlýstri stefnu ríkisstjórnar Íslands um að vernda lífríki hafsins, líkt og forsætisráðherra Katrín Jakobsdóttir kynnti hana á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um verndun hafsins, haldin í Lissabon í lok síðasta mánaðar. Nokkrum dögum fyrr þegar hvalveiðiskip Kristjáns Loftssonar til héldu til veiða veitti heimspressan því ómælda athygli. Ræða forsætisráðherra var ekki einu sinni rædd í íslenskum fjölmiðlum. Var þó af ýmsu að taka sem ekki hafði borið fyrir áður í ræðum ráðamanna um stefnu Íslands í hafmálum.

Íslensk stjórnvöld eiga val. Annað hvort geta þau haldið áfram að dekra við Kristján Loftsson og kallað það hagsmuni Íslands eða landað í nútímanum og barist fyrir lífríki sjávar; reynt að byggja upp orðspor Íslands í baráttunni fyrir verndun hafsins.

Virðingarfyllst,

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands




Árni Finnsson

Veiðar á langreyðum 2006 – 2022

Ár	Ár sem fimm ára kvóti er gefin út	Langreyður
2006	Leyfi til að veiða 9 langreyðar	7
2009	Kvóti 2009 til 2013 – 150 á ári	125
2010		148
2011		0
2012		0
2013	Kvóti fyrir 2014 – 2018, dags. des 2013*	134
2014	Sigurður Ingi Jóhannsson	137
2015		155
2016		0
2017		0
2018		146
2019	2019 – 2023, Kristján Þór Júlíusson	0
2020		0
2021		0
Alls		852

Á árabílinu 2009 – 2021** hefur Kristján Loftsson veitt á 6 vertíðum. Það er 6 vertíðir af 12 mögulegum – 50%.





Morgunblaðið/ÞÓK

Flensað Nóg er um vinnu hjá hvalskurðarmönnum Hvals hf. þessa dagana.

Íslandi hafnað

Hvalur 9 veiddi aðra langreyði síðdegis í gær

TIL GREINA kom að halda alþjóðlega ráðstefnu stjórnenda fyrirtækja í sölu og framleiðslu sjávarafurða í heiminum, Groundfish forum, í Reykjavík annars vegar eða Björgvin í Noregi hins vegar að ári liðnu. Vegna hvalveiða Íslendinga verður Björgvin hins vegar fyrir valnu.

Hin árlega ráðstefna var haldin í Lissabon í Portúgal í síðustu viku. Jón Hákon Magnússon, framkvæmdastjóri Kynningar og markaðar ehf., segir að Íslandi hafi algjörlega verið hafnað sem ráðstefnustað.

Verði af töluverðum fjármunum

„Parna voru nokkrir aðilar sem komu að máli við formann Groundfish forum og tilkynntu honum að þeir gætu ekki komið til Íslands að ári, vegna þess að hvalveiðar í atvinnuskyni væru hafnar að nýju. Menn vilja ekki taka þessa áhættu,“ segir Jón og vísar til þess að viðskiptavinir yrðu ósáttir ef ráðstefnan yrði haldin hér á landi. Hann telur Íslendinga verða af töluverðum fjármunum vegna þessa, en mikil þjónusta er keypt í kringum ráðstefnuna.

Sendiherra Japans á Íslandi, sem hefur aðsetur í Ósló í Noregi, segir ekki markað fyrir hvalkjöt í Japan og Japana ekki í aðstöðu til að flytja inn meira. Kristján Loftsson, forstjóri Hvals hf., segir frjálsan innflutning á hvalkjöti til landsins og efast ekki um að kjötið eigi eftir að seljast.

Hvalur 9 veiddi aðra langreyði síðdegis í gær og er væntanlegur í Hvalfjörð um miðjan dag í dag. | 10

Morgunblaðið 24. október 2006